

Stjórnarfundur FEB nr. 467 þriðjudaginn 18. janúar 2022 kl. 13.30 að Stangarhyl 4, 110 Reykjavík

Mættir aðalmenn; Ingibjörg Sverrisdóttir, Sigurbjörg Gísladóttir, Kári Jónasson, Geir A. Guðsteinsson, Ingibjörg Óskarsdóttir, Ólafur Örn Ingólfsson og Viðar Eggertsson.

Mættir varamenn; Halldór Frímannsson, Kolbrún Stefánsdóttir og Finnur Birgisson. Auk þess sat fundinn Dýrleif Guðjónsdóttir framkvæmdastjóri Félags eldri borgara í Reykjavík.

DAGSKRÁ:

1. Samþykkt tillaga um að aðalfundur FEB verði þriðjudaginn 8. mars nk. kl. 13.30 ef um staðfund verður að ræða. Netfundur verður kl. 10.00 í staðinn þann sama dag ef covid-faraldurinn hindrar vegna samkomutakmarkana stjórnvalda að staðfundur geti farið fram.
2. Tillögur um skipun í uppstillingar- og kjörnefnd samþykktar.
3. Fundurinn ákvað að formaður laganefndar færi yfir lög félagsins og legði fram tillögur að lagabreytingum á næsta stjórnarfundum, ef þurfa þykir.
4. Framkvæmdastjóri kynnti drög að stöðu fjármála 31.12.21.
5. Stjórnin samþykkti að leggja til óbreytt árgjald fyrir aðalfund FEB 2022 eða kr. 5.000.
6. Sveitarstjórnarkosningar verða 14. maí nk. LEB mun halda samráðsfund með félögunum á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ á næstu dögum. Í framhaldinu verður haldinn formannafundur/fjarfundur með öllum félögunum. Hugmyndin er að setja fram sameiginleg áhersluatriði, en síðan þurfa félögin hvert í sínu sveitarfélagi að herja á framboðin þar með staðbundnar áherslur.
7. Formaður reifaði stöðu húsnæðismála aldraðra og lóðamál í Reykjavík. M.v. upplýsingar frá Reykjavíkurborg þá virðist vera nokkuð langt í að úthlutað verði lóð eða lóðum til FEB til bygginga fyrir félagsmenn, en ætlunin er að leggja meiri þýsting á Reykjavíkurborg og helst í samstarfi við Samtök aldraðra.

Ingibjörg Sverrisdóttir

Ólafur Örn Ingólfsson

Geir A. Guðsteinsson

Viðar Eggertsson

1 Ingibjörg Óskarsdóttir
Finnur Birgisson

8. Formaður stjórnar Leigufélags aldraðra kynnti stöðu framkvæmda við Vatnsholt í Reykjavík. Gert er ráð fyrir að fyrstu íbúðirnar verði afhentar til leigu á þriðja ársfjórðungi þessa árs.
9. Á áætlun er að Félagstíðindi FEB komi út í lok febrúarmánaðar og gengur vinnan við blaðið og auglýsingasöfnunina vel.
10. Framkvæmdastjóri FEB, fór yfir starfsemi skrifstofu FEB síðustu vikna og stöðu starfsmannamála. Starfsemin fór á fullt strax eftir áramót, en síðan þurfti að draga verulega úr sökum samkomutakmarkanna vegna Covid.
11. Farið yfir stöðu mála vegna erindis frá fulltrúum húsfélags Árskóga 1 - 3. Á áætlun er að halda fund með fulltrúunum í febrúar.
12. Varðandi mál Gráa herisins. Beðið er svars við beiðni um að fara með málið beint til Hæstaréttar og fara þannig fram hjá Landsrétti. Ef Hæstiréttur neitar beiðninni fer málið sjálfkrafa til Landsréttar.
13. Önnur mál.
 - a. Formaður fulltrúaráðs LA upplýsti stjórn um vinnslu mála í ráðinu.

Stjórnarfundur slitið kl. 17.05.

*Fundargerð ritaði
Geir A. Guðsteinsson*